



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagurinn, 4. febrúar 2008

Ákvörðun nr. 7/2008

Samruni Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf. og Bifreiða og Landbúnaðarvéla ehf.

1.

Þann 8. október 2007 barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá þar sem tilkynnt var um kaup Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf. (hér eftir Sævarhöfði) á öllu hlutafé Bifreiða og Landbúnaðarvéla hf. (hér eftir B&L). Samrunaskráin tekur mið af viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Í samrunaskránni kemur m.a. fram að starfsemi samrunaaðila verði eftir samrunann rekin áfram undir merkjum hvors félags um sig. Þá fylgdi m.a. með samrunaskránni kaupsamningur, dags. 18. júlí 2007, ljósrit bréfa frá birgjum, gögn sem sýna fram á markaðshlutdeild aðila auk ársreikninga samrunaaðila og tengdra aðila fyrir árið 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu félaganna.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaup Sævarhöfða á B&L í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga, og fellur þessi samruni undir samrunaæftirlit 17. gr. laganna þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

Með bréfi, dags. 5. nóvember 2007, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í samrunatilkynningu segir að Sævarhöfði sé eigandi að bílaumboðinu Ingvari Helgasyni ehf. sem hafi umboð fyrir Nissan, Subaru, Opel, Isuzu og Saab. Segir enn fremur að Sævarhöfði sé einkahlutafélag í eigu Sunds ehf. og dótturfélaga, KþG Holding ehf. og HG Holding ehf. Dótturfélög Sunds ehf. séu 3X Holding ehf. og IceCapital ehf. en Sund ehf. sé í eigu Gunnþórunnar Jónsdóttur, Jóns Kristjánssonar og Gabríelu Kristjánsdóttur. KþG Holding ehf. og HG Holding séu félög í eigu Kristins Þór Geirssonar annars vegar og Hauks Guðjónssonar hins vegar. Segir að B&L sé einkahlutafélag sem hafi umboð fyrir Land Rover, BMW, Renault og Hyundai.

3.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að s kaupsamningur hafi verið undirritaður þann 18. júlí sl.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Í samrunatilkynningu segir að markmið samrunans sé að efla og styrkja rekstur B&L og leita hagræðingar í rekstri þess og Ingvars Helgasonar ehf. svo félögin geti mætt síauknum kröfum birgja um þjónustu við kaupendur bifreiða sem þeir framleiða.

4.

Í samrunatilkynningu kemur fram að starfsemi B&L og Ingvars Helgasonar ehf., dótturfélags Sævarhöfða, sé á sviði innflutnings og sölu á nýjum bifreiðum og endursölu notaðra bifreiða á Íslandi. Enn fremur stundi félögin rekstur þjónustuverkstæða fyrir seldar bifreiðar á ábyrgðartíma þeirra sem og sölu vara, aukahluta og dekkja. Starfa félögin því á sama markaði.

Að mati samrunaaðila er viðkomandi þjónustumarkaður markaður fyrir sölu nýrra og notaðra bifreiða. Samrunaaðilar líta á allt Ísland sem hinn landfræðilega markað, þó möguleiki sé fyrir bifreiðauboð að afhenda bifreiðar í öðrum ríkjum. Slíkt sé hins vegar fátítt.

5.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda. Kaup Sævarhöfða á B&L flokkast undir láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Að mati Samkeppniseftirlitsins munu samlegðaráhrif samrunans sem fjallað er um í ákvörðun þessari fyrst og fremst gæta í starfsemi félaganna við sölu á nýjum og notuðum bifreiðum. Athuganir Samkeppniseftirlitsins gefa hins vegar ekki til kynna að samruninn muni hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif.

Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Sævarhöfða á B&L á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, dags. 18. júlí 2007, keypti Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf. allt hlutfé í Bifreiðum og Landbúnaðarvélum hf. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson